



Fréttabréf október 2006

Ábm. Sigurbjörg Róbertsdóttir deildarstjóri

Náttúrufræði- og samfélagsfræðistöðvar í 3. bekk

Í haust ákváðu kennarar í 3. bekk að kenna náttúru- og samfélagsfræði í stöðvavinnu. Árganginum er blandað saman og unnið á fjórum stöðvum í hvert sinn. Það sem af er skólaárinu hafa nemendur verið að læra um húsdýrin, árstíðirnar, sólkerfið, plöntur o.fl. Nemendur eru til dæmis búnir að vera að vinna við að búa til bók, veggspjöld, horfa á myndbönd, hlusta á fróðleik og vinna í tölvuveri. Kostirnir við stöðvavinnu eru miklir, bæði fyrir nemendur og kennara. Nemendurnir kynnast betur innan árgangsins, þeir læra að vinna saman og miðla þeim fróðleik, sem þeir hafa öðlast, til hinna nemendanna. Kennarar fá tækifæri til að beita fjölbreyttum kennsluáferðum sem skila sér til nemenda.



Göngudagur í Heiðarskóla í september

Einmuna veðurblíða hefur verið í haust. Nemendur og starfsmenn Heiðarskóla hafa verið duglegir við að nýta sér góða veðrið í leik og starfi. Einn liður í áherslu skólans á hreyfingu og hollar lífsvenjur var að efna til göngudags. Nemendur gengu með starfsfólki um og í nágrenni Reykjanesbæjar í eina til tvær klukkustundir.

Allir skemmtu sér vel og góður rómur var gerður af þessum nýja lið í skólastarfinu. Gera má ráð fyrir að dagurinn verði að föstum lið í framtíðinni.



Pemadagar - Hreyfing og hollar lífsvenjur

Föstudaginn 29. september, mánudaginn 2. október og þriðjudaginn 3. október voru pemadagar í Heiðarskóla. Þessa daga einbeittum við okkur að hreyfingu og hollum lífsvenjum. Nemendum var skipt í hópa og unnið var í mismunandi smiðjum eftir aldri. Fengu þeir að glíma við ýmis ný verkefni og fjölmargir gestir komu í heimsókn. Við fengum í heimsókn m.a. Kristínu Geirmundsdóttur tannlækni, Klemens Sæmundsson næringarfræðing, Helga Rafn Guðmundsson TaeKwondo þjálfara, Kristínu Stefánsdóttur Jóga kennara og Kristján Geirsson lögreglumann. Einnig komu Lífstílskappinn Víkar Sigurjónsson og Marta Eiríksdóttir frá Púlsinum og fóru með nemendum annars vegar í Bootcamp og hins vegar í Afróhreyfing. Þá fengu nemendur ávexti sem Samkaup-Kaskó gaf okkur og Foreldrafélag Heiðarskóla styrkti okkur til að fá fyrirlesarann, Matta Ósvald Stefánsson, fyrir eldri nemendum.



Þemadagarnir enduðu svo á að foreldrar voru boðnir velkomnir í skólann m.a. til að fylgjast með hreystikeppni og dansi. Við þökkum öllum gestum kærlega fyrir komuna og þeim sem hjálpuðu okkur að gera þessa daga svona skemmtilega.



Ferðin að Reykjum í Hrótafirði

Mánudaginn 25. september lögðum við, nemendur og kennarar í 7. BG og 7. EE, af stað að Reykjum í Hrótafirði þar sem við dvöldum í fimm daga. Þegar komið var á staðinn fóru allir að finna sér herbergi, síðan fórum við í hádegismat og þar tók allt starfsfólkið á móti okkur.



Eftir hádegismatinn byrjaði dagskráin með því að okkur var skipt í hópa og þannig byrjuðu allir að kynna betur. Skólarnir sem við vorum með voru Víðistaðaskóli í Hafnarfirði og Valsárskóli á Svalbarðsströnd. Við kynntumst mörgum krökkum en þó flestum úr Víðistaðaskóla. Dagskránni var skipt upp í 5 liði sem voru: stöðvaleikur, út og

suður, byggðasafnið, íþróttir og sund og náttúrufræði. Það var mjög skemmtilegt í þessum greinum. Maturinn var sérlega góður og kvöldvökurnar voru virkilega skemmtilegar. Síðasta daginn voru allir mjög uppteknir við að gera hárið á strákunum fínt (öðruvísi) fyrir hárgreiðslukeppni sem fram fór í matsalnum. Eftir hárgreiðslukeppnina fóru allir að gera sig fina fyrir diskótekið. Diskótekið var mergjað, allir í dúndurstuði. Svo á föstudeginum var pakkað niður og farangurinn settur í rútuna. Þá var komið að kveðjustund, sumir skiptust á msn-um og svo var brunað heim. Sumir úr Heiðarskóla eru búnir að fara í heimsóknir og hitta krakkana úr Víðistaðaskóla.

Thelma, Lovísa, Oddný og Sunneva
7. EE Heiðarskóla



10. bekkur í vettvangsferð

Nemendur og kennarar í 10. bekk brugðu sér af bæ og fóru á slóðir Kjalnesingasögu og í Alþjóðahúsið. Ferðin var afar vel heppnuð, fræðandi og skemmtileg.



Nemenda- og íþróttaráð Heiðarskóla

Nemendaráðið í vetur er skipað 15 nemendum úr 8.-10.bekk. Formaður nemendaráðs er Lovísa Kjartansdóttir, varaformaður er Bjarni Reyur Guðmundsson og gjaldkeri er Stefanía Bergmann Magnúsdóttir.

Það sem af er skólaári hefur nemendaráðið staðið fyrir diskótekum fyrir 4.-10.bekk með mismunandi þemum og einnig hefur verið haldið bíókvöld fyrir elsta stig. Í vetur er áætlað að halda reglulega diskótek fyrir 4.-7.bekk, jóla- og páskabingó fyrir 1.-10.bekk. Fyrir 8.-10.bekk verður talsvert meira í boði, s.s. diskótek, bíókvöld, stelpukvöld, hæfileikakeppni og margt fleira. Sex sinnum yfir skólaárið eru haldin sameiginleg diskótek fyrir 4. - 7.bekk í öllum grunnskólum Reykjanesbæjar. Þá er sameiginlegt jólaball og árhátíð fyrir 8.-10. bekki allra grunnskóla Reykjanesbæjar.

Íþróttaráð er skipað 8 nemendum úr 8. - 10.bekk.

Það sem af er skólaári hefur verið haldið sameiginlegt fótboltamót allra grunnskóla Reykjanesbæjar fyrir drengi og stúlkur í 8.-10. bekk. Drengirnir í Heiðarskóla fóru með sigur af hólmi og stúlkurnar urðu í 2.sæti. Einnig var haldið poolmót með 4 keppendum úr hverjum skóla. Í vetur er áætlað að vera með fjölbreyttar íþróttir í boði ásamt hefðbundnum mótum Heiðarskóla s.s. handboltamót, körfuboltamót, skákmót og fótboltamót. Sameiginlegar keppnir milli grunnskólanna í vetur verða Fáránleikar og körfubolti.



Strákarnir í Heiðarskóla unnu sameiginlegt fótboltamót grunnskólanna í haust.

Hattadiskótek fyrir nemendur í 8. - 10. bekk -->



Dans Dans Dans

Nú nýverið lauk fyrsta hluta danskennslunnar í Heiðarskóla. Nemendur í 1. og 2. bekk og hluti af nemendum í 3. bekk luku við 6 tíma námskeið. Í síðasta tímanum voru foreldrar boðnir velkomnir og var virkilega gaman að sjá svo góða mætingu.

Öll börn í Heiðarskóla frá 1. bekk upp í 8. bekk fá tvö 6 tíma námskeið í vetur. Annað fyrir jól og það seinna eftir jól. Kenndir eru ýmsir samkvæmsdansar og er þá miðað við aldur og getu hvers hóps hvað er kennt og einnig er áhersla lögð á að læra að dansa í réttum takti við tónlistina.

Markmiðið með danskennslunni er m.a. að efla hreyfigetu, að nemendur bæti sjálfs-traust sitt og sjálfsmynd og læri gagnkvæma virðingu.

Með danskveðju, Esther Inga Niélsdóttir



Vetrarfrí

Vetrarfrí verður í skólanum föstudaginn 27. október og mánudaginn 30. október. Nemendur mæti aftur kátir, hressir og endurnærðir þriðjudaginn 31. október samkvæmt stundaskrá.

Áhugasamir foreldrar

Skólastarf í Heiðarskóla, það sem af er þessu skólaári, hefur verið mjög kröftugt. Auk hefðbundinnar kennslu, hefur verið mikið um alls kyns uppbot á skólastarfinu, eins og til dæmis þemadagar og samskiptadagur. Foreldrar hafa verið sérstaklega duglegir að mæta í skólann við þessi tækifæri og óhætt er að segja að aðkoma foreldra að skólastarfinu sé til fyrirmyndar. Má til gamans geta þess að það var nánast 100% þátttaka á samskiptadeginum, þann 21. september s.l.

Nýlega var foreldrum boðið að koma og fylgjast með nemendum í danskennslu og var mætingin þar einnig mjög góð. Okkur sem störfum í Heiðarskóla þykir mjög ánægjulegt hvað foreldrar sýna skólastarfinu mikinn áhuga.



Margir foreldrar, ömmur og afar komu í heimsókn á þemadögunum.

Foreldrafélag Heiðarskóla

Foreldrafélag Heiðarskóla hélt aðalfund sinn 10. október síðastliðinn. Á fundinum var kosin ný stjórn og hana skipa eftirfarandi aðilar:

Stjórn:

Formaður: Laufey Gísladóttir, lauflett@netver.net

Varaformaður: Kristján Freyr Geirsson,

krissi@tmd.is

Gjaldkeri: Ingibjörg A. Frederiksen,

drangi8@simnet.is

Ritari: Una Kristín Árnadóttir, una@designa.is

Meðstj.: Smári Helgason, smari@afangar.is

Meðstj.: Skúli S. Ólafsson,

skuli@keflavikurkirkja.is

Meðstj.: Annel Borgar Þorsteinsson,

annelb@simnet.is

Laugar í Sælingsdal

Nemendur í 9. bekk eru nú nýkomnir heim eftir fimm daga dvöl í Skólabúðunum að Laugum í Sælingsdal. Nemendur og kennarar voru ánægðir með ferðina og meðfylgjandi myndir eru frá dvölinni.



Listmunir verða til

Í vetur er nemendum í 9. - 10. bekk boðið upp á fjölmargar valgreinar og er t.d. mjög vinsælt að velja gler og skartgripagerð. Í gleri eru nemendur að búa til glæsileg verk úr gleri s.s. skálar, myndir og diska svo eitthvað sé nefnt. Í vetur er skartgripagerð í fyrsta sinn í boði og nemendur hafa búið til mjög fallega silfurhringi og hálsmen.

Meðfylgjandi eru myndir af hlutum sem nemendur hafa unnið í skartgripagerð og gleri.

